

ræðir í máli þessu. Þykir því verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Málskostnaðarkrafa gerðarpóla verður eigi tekin til greina.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda. Málskostnaðarkrafa gerðarpóla er eigi tekin til greina.

Miðvikudaginn 8. nóvember 1950.

Nr. 84/1949. **Jón Gíslason** (Magnús Thorlacius)
 gegn

Börge Sörensen og gagnsök
 (Sigurgeir Sigurjónsson).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og
 próf. Ármann Snævarr í stað hrd. Árna
 Tryggvasonar og hrd. Jónatans Hallvarðs-
 sonar.

Útburðarmál.

Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn Thorarensen, fulltrúi borgarfógeta, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. maí 1949. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma útburð þann, sem um er beðið. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Aðaláfrýjandi hefur og með stefnu 25. nóvember 1949 stefnt frú Guðrúnu Sörensen, eiganda hússins nr. 12 við Bárugötu í Reykjavík, til réttargæzlu í málinu, en ekki gert neinar dómkröfur á hendur henni.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 15. júní 1949. Krefst hann staðfestingar á því ákvæði hins áfrýjaða

úrskurðar, að útburðargerð skuli ekki fram fara. Svo krefst hann þess og, að ómerkt verði þau meiðandi ummæli, sem greind eru í úrskurði fógeta, og að málflutningsmaður aðaláfrýjanda verði dæmdur fyrir þau til greiðslu sekta og miskabóta. Loks krefst hann málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Málflutningsmaður gagnáfrýjanda og stefndu, Guðrúnar Sörensen, hefur haft uppi þá kröfu hér fyrir dómi, að hinn áfrýjaði úrskurður verði ómerktur sökum þess, að stefndu, Guðrúnu Sörensen, hafi ekki verið veittur kostur á að gæta réttar síns í héraði. Þegar af þeirri ástæðu, að gagnáfrýjandi hafði engar kröfur uppi í héraði um það, að stefndu, Guðrúnu, yrði gefinn kostur á að gæta þar réttar síns, og stefnda, Guðrún, hefur ekki áfrýjað málinu af sinni hendi, verður þessari ómerkingarkröfu ekki sinnt.

Í máli þessu hefur það komið fram, að mikið ósamlyndi er með aðiljum þess og þó sérstaklega með eiginkonum þeirra. Eru talsverðar líkur komnar fram fyrir því, að eiginkona gagnáfrýjanda eigi verulega sök á ágreiningi þessum. Hins vegar brestur á, að sakaratriði þau, sem útburðarkrafan er reist á, séu leidd svo í ljós, að rétt sé að taka hana til greina. Þykir því verða að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar að því er útburðarkröfuna varðar.

Rétt þykir að staðfesta ómerkingarákvæði hins áfrýjaða úrskurðar. Hin meiðandi ummæli, sem málflutningsmaður aðaláfrýjanda, Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður, hafði í munnlegum flutningi málsins í héraði og greind eru í úrskurðinum, eru vítaverð, og ekki verður hjá því komizt að dæma honum sekt til ríkissjóðs samkvæmt 5. tölulið 188. gr. laga nr. 85/1936 fyrir orðin „þessi vitfirringur Börge“. Þykir sektin hæfilega ákveðin kr. 200.00, og komi 3 daga varðhald í stað hennar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Krafa gagnáfrýjanda um miskabætur verður ekki dæmd í þessu máli.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar um synjun útburðar, ómerking ummæla og málskostnað í héraði eiga að vera öröskuð.

Málflutningsmaður aðaláfrýjanda, Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður, greiði 200 króna sekt í ríkissjóð, og komi 3 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sektarákvæði dóms þessa ber að fullnægja með aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 9. maí 1949.

Í máli þessu hefur gerðarbeiðandi, dr. phil. Jón Gíslason, Bárugötu 12, krafizt þess, að gerðarþoli, Borge Sørensen, verði borinn út úr húsnæði því, sem hann hefur á leigu í húsinu nr. 12 við Bárugötu. Gerðarbeiðandi hefur einnig krafizt málskostnaðar úr hendi gerðarþola.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu gerðar og krafizt málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda. Þá hefur umboðsmaður gerðarþola, Sigurgeir Sigurjónsson hrl., gert þær kröfur, að gerðarbeiðandi verði dæmdur í refsingu fyrir ummæli um gerðarþola og konu hans, er fram koma í skjölum málsins, og að þessi ummæli verði dæmd dauð og ómerk. Enn fremur hefur hann krafizt þess, að nokkur ummæli umboðsmanns gerðarbeiðanda, Magnúsar Thorlacius hrl., um sömu aðilja undir munnlegum flutningi málsins verði látin varða hann sektum.

Mál þetta var lagt undir úrskurð fógetaréttarins að loknum munnlegum flutningi hinn 29. apríl s. l.

Frá því á árinu 1940 hefur gerðarbeiðandi, Jón Gíslason dr. phil., haft á leigu íbúð á efstu hæð hússins nr. 12 við Bárugötu, eign Guðrúnar Sørensen. Sonur húseiganda, Borge Sørensen, hefur á leigu íbúð á 1. hæð húss þessa frá því um áramótin 1947—48.

Gerðarbeiðandi ritar húsaleigunefndinni í Reykjavík hinn 8. desember 1948, sjá rskj. 8, og krefst þess, að svo verði ákveðið, að gerðarþoli hafi fyrirgert dvalarrétti sínum í húsinu sakir framkomu hans, og þó einkum konu hans, sem tálmi gerðarbeiðanda á mjög verulegan hátt leigurétti hans í húsinu. Húsaleigunefnd taldi sig ekki hafa aðild til að fjalla þannig um mál eins leigjanda gegn öðrum og vísaði málinu frá sér, sjá bréf dagsett 5. janúar s. l. á rskj. 2.

Þá ritar gerðarbeiðandi fógetarétti Reykjavíkur hinn 21. janúar s. l. og krefst útburðar á gerðarþola. Kveður hann konu gerðarþola tálma mjög leigurétti sínum í húsinu á einn og annan veg og sér ekki annað

ráð vænna en að krefjast útburðar á gerðarþola og öllu, er honum fylgi, því að húseigandi og umboðsmaður húseiganda hafi siður en svo viljað hlutast til um, að ofsóknum þessum linni.

Málsútlitun gerðarbeiðanda er sem hér segir:

Kona gerðarþola, Soffía Jónsdóttir Sörensen, hafi nú lengi gert allt til að hindra, að gerðarbeiðandi fái notið upphitunar fyrir íbúð sína, en í húsinu er hitaveita, og eru hitastillar í kjallara hússins. Sumarið 1948 hafi gerðarbeiðandi verið fyrirvaralaust sviptur hitaafnotum, og hitaleiðslur að ofnum íbúðar hans rofnar. Mál hafi þurft að höfða fyrir fógetarétti Reykjavíkur til að fá þessu kippt í lag. Hafi því að vísu verið beint gegn Sigurgeiri Sigurjónssyni hrl., umboðsmanni húseiganda, en upptök þessarar hitasviptingar hafi verið hjá gerðarþola og þó einkanlega hjá konu hans, Soffíu, sem á þenna hátt sem annan hafi leitast við að flæma gerðarbeiðanda úr húsinu. Úrskurður fógeta gekk gerðarbeiðanda í vil, sjá rskj. 18, og voru hitaleiðslur tengdar, svo sem verið hafði, en þrátt fyrir úrskurð þenna og fógetagerð hafi því fjarri farið, að gerðarbeiðandi hafi haft nálægt því viðunandi afnot af hita til íbúðar sinnar. Kona gerðarþola hafi á allan hátt lagt sig í framkróka til að hindra þau afnot, bæði með því að skrífa algerlega fyrir hitaleiðslu til íbúðar gerðarbeiðanda, stilla þrýsting þannig, að hitavatn nái þangað ekki, og ráðizt með skömmum og jafnvel líkamlegu ofbeldi á konu gerðarbeiðanda, er hún opni fyrir hitastilli. Gerðarbeiðandi tekur og fram, að svo virðist sem Soffía Sörensen geri sér leik að því að koma því svo fyrir, að þvottadagar heimilanna rekist á. Kveðst gerðarbeiðandi hafa haft bæði óþægindi og kostnað af þessu, sjá rskj. 10 og 43.

Haustið 1948 hafi bilað rafmagnsöryggi fyrir íbúð gerðarbeiðanda, og gerðarbeiðanda jafnframt neitað um aðgang að öryggjaborði, sem er á miðhæð hússins. Hafi orðið að óska eftir fógetaaðstoð til að fá úr þessu bætt, en áður en úrskurður fógeta gekk, var þó úr þessu bætt, en þó ekki fyrir atbeina húseiganda. Sjá hér úrskurð fógetaréttar Reykjavíkur um málskostnað vegna þessarar málshöfðunar, rskj. 17. Húseigandi eða umboðsmaður húseiganda hafi enga aðstoð viljað veita til þess að kippa þessu í lag, og þar eð sú tregða hafi vafalítið verið runnin undan rifjum gerðarþola og konu hans, verði gerðarþoli að teljast samábyrgur þessu réttarbroti húseiganda.

Þá skýrir gerðarbeiðandi svo frá, að á s. l. hausti hafi Soffía Sörensen lokað miðstöðvarklefa í kjallara hússins, en þar geymdi gerðarbeiðandi poka með kolum, er hann notaði til kyndingar í þvottahúsi. Pokinn hafi og verið fluttur úr klefanum. Fógetagerð hafi þurft til að fá aðgang að klefa þessum að nýju, sjá rskj. 19, og hafi umboðsmaður húseiganda aðstoðað gerðarþola til að raska leigurétti gerðarbeiðanda þannig, í stað þess að hindra þessa röskun.

Enn fremur hafi kona gerðarþola iðulega ráðizt á konu gerðarbeiðanda með skammaryrðum og líkamlegu ofbeldi og hvers konar hótunum, og þá helzt, er kona gerðarbeiðanda hafi farið niður í kjallara hússins til að stilla hitann til íbúðar sinnar. Þá hafi kona gerðarþola gert allmikið

að því að ofsækja son gerðarbeiðanda, sem er barn að aldri, og hafi drengurinn varla mátt ganga óhultur um stiga hússins eða hjá húsinu. Hafi orðið að kalla á lögreglu vegna þessa, sjá rskj. 43.

Fyrir liggja í máli þessu mörg bréf konu gerðarbeiðanda til umboðsmanns húseiganda, Sigurgeirs Sigurjónssonar hrl. Kvartar hún við hann út af ýmis konar yfirgangi Soffíu Sörensen, og sem að framan er getið. Sjá hér rskj. 5, 6, 8, 9, 11, 23, 25, 26, 29, 32, 33, 44 og 60, enn fremur bréf til Soffíu Sörensen á rskj. 7. Kona gerðarbeiðanda skýrir svo frá, að engu bréfa þessara hafi verið svarað, hvorki munnlega né skriflega.

Gerðarþoli mótmælir framgangi hinnar umbeðnu gerðar. Mótmælir hann því, að hann eða kona hans hafi á nokkurn hátt hindrað eða truflað leigurétt gerðarbeiðanda, en gerðarbeiðandi og kona hans hafi hins vegar valdið sér megnum óþægindum með sífelldum rakalausum klögumálum. Af hálfu gerðarþola er því algerlega mótmælt, að kona hans hafi ráðizt á konu gerðarbeiðanda eða son þeirra í orði eða verki. Umboðsmaður húseigandans, Sigurgeir Sigurjónsson hrl., er flutt hefur mál þetta af hálfu gerðarþola, hefur lýst yfir því undir munnlegum flutningi málsins, að gerðarþoli hafi enga sök átt á því, að gerðarbeiðanda var á sínum tíma neitað um aðgang að miðstöðvarklefa, og komi ekki til mála, að hann beri ábyrgð á deilu aðilja um stærð þess húsnæðis, sem gerðarbeiðandi hafi til umráða. Þá hafi gerðarþoli eða kona hans á engan hátt ráðið um það, að hitaleiðslur að íbúð gerðarbeiðanda voru rofnar, og beri þau að sjálfsögðu enga ábyrgð á því verki.

Þá er því og mótmælt sem röngu, að kona gerðarþola hindri á nokkurn hátt eðlileg hitavatnsafnot gerðarbeiðanda. Enn fremur er því mótmælt, að gerðarþoli eða kona hans hafi átt nokkra sök á því, að rafmagnsöryggi í íbúð gerðarbeiðanda biluðu, og að þau hafi á nokkurn hátt hindrað viðgerð á því.

Bent er á það af hálfu gerðarþola, að kæra sú, sem gerðarbeiðandi sendi sakadómaranum í Reykjavík á hendur Soffíu Sörensen vegna yfirgangs af hennar hálfu, hafi ekki leitt til neinna frekari aðgerða af hálfu hins opinbera, sbr. bréf dómsmálaráðuneytisins, sem liggur fyrir í máli þessu.

Af hálfu gerðarbeiðanda er það nú fært fram, að ofangreind mótmæli af hálfu gerðarþola gegn málsútlistun gerðarbeiðanda komi of seint fram, og er þeim mótmælt sem þýðingarlausum á þeim grundvelli. Eins og að framan segir, hafi mörg umkvörtunarbréf verið rituð í tilefni af því framferði, sem konu gerðarþola eru að sök gefin, en þeim bréfum hafi aldrei verið svarað fyrri en út í mál þetta var komið. Umboðsmaður gerðarþola kveðst yfirleitt ekki hafa talið bréf þessi svaraverð, en bendir þó á rskj. 24 og 26 í máli þessu.

Þá hefur og verið á það bent af hálfu gerðarbeiðanda, að þrátt fyrir það, að skorað hafi verið á Soffíu Sörensen að mæta fyrir fúgetarétti til þess að gefa aðiljaskýrslu, hafi hún ekki orðið við því, og verði því einnig af þeirri ástæðu að leggja til grundvallar bréflégar umkvartanir gerðarbeiðanda. Ekki komi til mála að líta á skýrslu Soffíu fyrir lög-

reglurétti Reykjavíkur sem gilda aðiljaskýrslu í máli þessu. Nú skal tekið fram í þessu sambandi, að fógeti fór á heimili gerðarþola undir rekstri málsins ásamt umboðsmönnum aðilja til þess að gerðarþola, sem er óferðafær sjúklingur, gæfist kostur á að staðfesta skriflega aðiljaskýrslu. Var kona gerðarþola þar viðstödd, og hefði verið í lófa lagið fyrir umboðsmann gerðarbeiðanda að leggja fyrir hana aðiljaspurningar, hefði honum þótt þess þörf.

Að athuguðum málavöxtum verður réttur gerðarbeiðanda ekki talinn svo glöggur, að fært þyki að leyfa framgang umbeðinnar útburðar-gerðar.

Ummæli þau, sem koma fram í skjölum gerðarbeiðanda og umboðsmaður gerðarþola hefur krafizt, að dæmd verði dauð og ómerk og látin verði varða gerðarbeiðanda refsingu, eru þessu: 1) „....manneskjan á það til að ráðast á mig, hvenær sem er....“, 2) „....frú Soffía Sörensen, sem gjammaði í sífellu....“, 3) „....undarleg hljóð, langt neðan úr hálsi, eins og hún tali með hálsinum einum....“ og 4) „....Börge.... sem sagt, hann er fæddur bilaður....“ Þessi ummæli ber að dæma dauð og ómerk, en hins vegar þykir ekki ástæða til að gera gerðarbeiðanda refsingu þeirra vegna.

Umboðsmaður gerðarþola hefur einnig krafizt sekta á hendur umboðsmanni gerðarbeiðanda vegna eftirfarandi ummæla, er hann viðhafði um gerðarþola og konu hans í munnlegum flutningi málsins: 1) „....þessi vitfirringur, Börge....“, 2) „Soffía, þessi vesalingur....“, 3) „þessir aum-ingjar þarna í húsinu....“ Ummæli þessi eru mjög vítaverð, en ekki þykir ástæða til að gera sektir vegna þeirra.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna útburðargerð skal ekki fram fara.

Framangreind ummæli í framlögðum skjölum gerðarbeiðanda skulu teljast dauð og ómerk. Vita ber umboðsmann gerðarbeiðanda, Magnús Thorlacius hrl., fyrir ummæli í munnlegum flutningi, sem að framan er getið.

Málskostnaður fellur niður.